



Reykjavík, 7. nóvember 2024
VEL24100020

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn velferðarráðs um árangur af úrræðum Virkniúss

Á fund velferðarráðs þann 3. október 2024 lagði velferðarráð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Velferðarráð óskar eftir upplýsingum um hve mörg sem fara inn í úrræði á vegum Virkniúss eru komin annars vegar í virkni samkvæmt einstaklingsáætlun eða hins vegar í vinnu eftir 6 mánuði. Hve margir þurfa ekki lengur á fjárhagsaðstoð að halda eftir að hafa fengið þjónustu Virkniúss?

Svar:

Í heildina tóku 624 einstaklingar þátt í virkni- og endurhæfingarúrræðum Virkniúss á árinu 2023 sem var 21% aukning frá fyrra ári. Úrræði Virkniúss eru eftirfarandi:

- IPS-atvinnuráðgjöf sem veitir langtíma stuðning við atvinnuleit og eftir að í vinnu er komið.
- Atvinnu- og virknimiðlun sem aðstoðar einstaklinga sem meta sig vinnufæra með fjárhagsaðstoð til framfærslu út á vinnumarkaðinn.
- Grettistak sem er 18 mánaða endurhæfingarúrræði fyrir einstaklinga á fjárhagsaðstoð sem glímt hafa við langvarandi áfengis- og vímuefnavanda auk sögu um langvarandi félagslegan vanda.
- TINNA er langtíma endurhæfingarúrræði til að styrkja einstæða foreldra í uppeldishlutverki sínu til að stuðla að bættem lífsgæðum fjölskyldunnar.

Úrræði Virkniúss eru því í eðli sínu nokkuð ólík þar sem bæði Grettistak og TINNA eru langtímaendurhæfing þar sem notendur fá endurhæfingarlífeyri á meðan á þátttöku stendur en atvinnuráðgjöfin miðar fyrst og fremst að því að koma notendum með fjárhagsaðstoð til framfærslu aftur út á vinnumarkaðinn. Allir notendur í TINNU og Grettistaki eru því með gilda endurhæfingaráætlun og stunda virkni í samræmi við hana meðan á þátttöku stendur. Þátttakendur í úrræðum Virkniúss eru allir með ráðgjafa á miðstöð nema í TINNU þar sem málástjórn fjölskyldna er hjá félagsráðgjafa í úrræðinu.



Reykjavík



Í töflu 1 má sjá hlutfall þeirra sem voru þátttakendur í úrræðum Virknihúss og luku þátttöku á árinu 2023 og fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu sex mánuðum eftir að þátttöku lauk.

Tafla 1: Einstaklingar sem luku þátttöku í virkniverkefnum á árinu 2023 og hlutfall þeirra sem var með fjárhagsaðstoð til framfærslu sex mánuðum eftir að þátttöku lauk.

Var veitt fjárhagsaðstoð sex mánuðum eftir að verkefni lauk?

	Já	Nei	Samtals	% fjh.aðst.
IPS	10	39	49	20%
AVM	48	87	135	36%
Grettistak*	3	31	34	9%
TINNA*	2	20	22	9%
Samtals	63	177	240	26%

* Miðað er við þann hóp sem lauk þátttöku með útskrift

Eftir að þjónustu Virknihúss lauk voru 26% allra með fjárhagsaðstoð til framfærslu 6 mánuðum eftir að þjónustu lauk. Alls þurftu því 74% hópsins ekki lengur á fjárhagsaðstoð að halda. Hlutfallið er nokkuð ólíkt eftir úrræðum og skýrist það einna helst af því að bæði Grettistak og TINNA eru langtímaendurhæfingarúrræði þar sem unnið er heildstætt með einstaklinga til lengri tíma og þeim komið í viðeigandi farveg, nám, vinnu, áframhaldandi endurhæfingu eða örorku. IPS-atvinnuráðgjöf vinnur með einstaklingum til lengri tíma, einnig eftir að í starf er komið til að viðhalda vinnuheldni. Atvinnu- og virknimiðlun (AVM) vinnur mikinn fjölda mála á skemmri tíma sem endar annaðhvort með ráðningu eða að viðkomandi einstaklingi er vísað aftur til frekari vinnslu á miðstöð til að endurmeta starfshæfni viðkomandi. Vinna er í gangi milli Virknihúss og miðstöðva um að ferla betur mat á starfshæfni og er til skoðunar að taka upp gagnreyndar aðferðir til slíks. Samráð hefur verið haft m.a við Vinnumálastofnun vegna þess máls.

I töflu 2 má sjá að alls fengu 57 einstaklingar af 135 starf í gegnum AVM á árinu 2023, sumir fengu fleira en eitt starf á tímabilinu og því eru ráðningar fleiri. Af þeim 78 einstaklingum sem fengu ekki starf fengu 48 einstaklingar fjárhagsaðstoð til framfærslu sex mánuðum eftir að þjónustu AVM lauk, en ekki er vitað um afdrif 30 einstaklinga að öðru leyti en að þeim er vísað aftur til frekari vinnslu á miðstöð en eru síðan ekki lengur með fjárhagsaðstoð til framfærslu að sex mánuðum liðnum. Af þeim sem fengu starf gegnum í Atvinnu- og virknimiðlun á árinu 2023 voru einungis níu með fjárhagsaðstoð til framfærslu að sex mánuðum liðnum eða 16%, 48 einstaklingar eða 84% þeirra sem fengu starf voru ekki með fjárhagsaðstoð til framfærslu að sex mánuðum liðnum. Það virðist því skila mjög góðum árangri að koma fólki í starf á vegum Atvinnu- og virknimiðlunar.





Tafla 2 : Þátttakendur AVM sem fengu störf árið 2023

Var veitt fjárhagsaðstoð sex mánuðum eftir að verkefni lauk

	Já	Nei	Samtals	
AVM	9	48	57	16%

Hjá IPS-atvinnuráðgjöf fengu samtals 34 einstaklingar starf af öllum sem fengu IPS-atvinnuráðgjöf. Sumir fóru í fleira en eitt starf og því voru ráðningar á tímabilinu fleiri. Af þeim 49 sem luku þjónustu á árinu 2023 voru einungis 10 með fjárhagsaðstoð til framfærslu að sex mánuðum liðnum. Skýringin er einna helst sú að ekki komast öll í störf með stuðningi hjá IPS-atvinnuráðgjöf, auk þess sem sum hætta þátttöku í úrræðinu af eigin frumkvæði og þurfa því áfram á fjárhagsaðstoð að halda. Virknihús er nú að skoða möguleika á því að geta aðstoðað einstaklinga sem ekki komast í störf, sökum óvinnufærni í réttan farveg t.d. endurhæfingu eða í örorkumat.

